

16. desember 2024

## **Umsögn íbúaráðs Vesturbæjar um drög að ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar**

Íbúaráð Vesturbæjar þakkar fyrir að fá aðkomu að ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar. Það er gott að sjá hvernig er tekið á allskonar mismunandi lýsingu og staðlað kröfur og væntingar að lýsingu. Ráðið vill einnig benda á að það er mikilvægt að vernda næturhímininn og hífýli fólks fyrir ljósmengun, eins og kemur fram í stefnunni. Einnig að myrkurgæði séu tekin fyrir þar sem vöntun á ljósi er einnig hluti af ljósvistinni. En það vantar að taka á dagsbirtu sem er mjög stór partur af henni. Góð dagsbirta eykur lífsgæði.

Þar sem mismunandi hverfi hafa mismunandi brag er gott að hafa svigrúm til mismunandi hönnunar milli hverfa og sniðugt að hverfisskipulag taki á því. Þá þarf einmitt að hefja vinnu við hverfisskipulag í Vesturbænum! Ráðið spyr sig hvernig útlitið er ákveðið innan hverfis sem er án hverfisskipulags. Þá eru til dæmis nokkur mismunandi útlit á nýjum ljósum sem hefur verið komið upp í Vesturbænum undanfarin ár.

Að lokum viljum við benda á að leiðbeiningarritin sem nefnd eru á bls. 23 í stefnunni ættu að vera aðgengileg almenningi.